



HVAÐ ER FÓLKIÐ AÐ GERA? Upplýsingaleit

Markmið:

Að læra algengar sagnir. Að æfa fornöfnin „hann“ og „hún“ og sögnina „að vera“. Leikurinn æfir einnig spurninguna: „Veist þú...?“ og svarið: „Nei, því miður. Ég veit það ekki.“ Hentar sem viðbótarefni fyrir byrjendur, t.d. með kafla 3 „Hvað ert þú að gera?“ í *Íslenska fyrir alla 1*.

Aðferð:

Hver nemandi fær allt verkefnið (öll blöðin) í hendur en mismunandi sagnir eru skrifaðar inn á blöðin hjá nemendum. Markmiðið er að hver nemandi safni öllum sögnunum á blaðið sitt. Það gera nemendur með því að ganga um bekkinn og spyrja bekkjarfélaga sína. Dæmi: „Veist þú hvað hann/hún er að gera?“ „Já, hann/hún er að...“/„Nei, því miður. Ég veit það ekki.“

Það er hægt að fara í þennan leik áður en orðaforðinn er lagður inn eða á eftir til að æfa sagnirnar og leggja fleiri inn.

Kennarinn getur skrifað mismunandi sagnir á blöðin hjá nemendum eða látið nemendur gera það sjálfa áður en farið er í leikinn.
























































